



297. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað, kl. 12:00 fimmtudaginn 12. nóvember 2020.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Garðar Svansson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fjárhagslegar upplýsingar

Gjaldkeri fór yfir níu mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ. Vegna minni umsvifa þá mun afkoman í rekstrinum verða betri en áætlanir sýndu.

2. Ólympísk málefni

Þórey Edda Elísdóttir formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Afrekssviðið og Afrekssjóður ÍSÍ héldu sameiginlegan fund nýlega þar sem farið var yfir athugasemdir og ábendingar frá sérsamböndum ÍSÍ gagnvart reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ og umhverfi afreksíþróttasem bærust í kjölfar þess að ÍSÍ óskaði eftir slíku frá samböndunum. Fyrstu Afreksbúðir sviðsins verða haldnar um næstu helgi og er þátttökuskráning framar öllum vonum.

Framundan er fjarfundur með fulltrúum frá Tama City í Japan, vegna æfingabúða fyrir Ólympíuleikana. Áætlað er að auka reglubundin samskipti við Ólympíuhóp ÍSÍ með ýmsum hætti á næstu vikum.

3. Stoðsvið ÍSÍ

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Unnið er að ýmsum verkefnum en nánari skýrsla verður gefin á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Hann lagði fram tillögu að nýrri stefnu ÍSÍ í almenningsíþróttum, sem sviðið hefur unnið að undanfarið. Samþykkt að fundarmenn skoði tillögurnar á milli funda og að málið verði tekið aftur upp á næsta fundi. Þráinn skýrði einnig út áætlaðar breytingar á Kvannahlaupi ÍSÍ fyrir næsta ár.

4. Aðgerðarpakki stjórnvalda vegna COVID-19

Forseti skýrði frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið undanfarnar vikur varðandi fjárstuðning ríkisstjórnarinnar við íþróttastarfið í landinu. Frumvarp vegna launagreiðslna til íþróttafélaga á Covid-tímum verður væntanlega lagt fram fljótlega en ÍSí hefur verið með í ráðum varðandi samningu þess. Forseti greindi frá innihaldi frumvarpsins og einnig frá öðrum aðgerðum sem verið er að undirbúa til stuðnings íþróttastarfinu.

Forseti greindi frá því að fregnir berist nú af brottfalli iðkenda sem líklega má rekja til óvissunnar í starfinu vegna sóttvarnaaðgerða. Ljóst er að nauðsynlegt verður að keyra upp íþróttastarfið af krafti um leið og afléttingar verða en til þess að það verði hægt þá verður hreyfingin að fá öflugan stuðning frá opinberum aðilum.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með þann stuðning sem ríkisstjórnin hefur sýnt í garð íþróttahreyfingarinnar og árangur þeirrar miklu vinnu sem unnin hefur verið, bæði af hálfu ÍSí og viðkomandi ráðuneyta, síðustu vikunnar og skila sér í þeim aðgerðum sem nú hafa verið boðaðar.

5. Málefni COVID-19

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna varðandi íþróttastarfið í ljósi nýjustu reglna um sóttvarnaráðstafanir og samkomubann. Ekki eru í augnsýn miklar afléttingar á sóttvarnaráðstöfunum. Tekist hefur að fá undanþágur fyrir afrekshópa en undanþágur þurfa að uppfylla mörg skilyrði til að fá samþykki.

6. Vinnuhópar ÍSí – stöðuskýrslur

Lagt fram yfirlit yfir stöðu vinnuhópa sem starfað hafa frá síðasta Íþróttapingi.

Farið yfir niðurstöður og stöðuskýrslur hópanna sem kynntar verða á Formannafundi ÍSí

7. Formannafundur ÍSí

Farið fyrir fyrirkomulagið og dagskrá fundarins.

Áætlað að fundurinn verði standi yfir í um tvo klukkutíma.

Formenn og framkvæmdastjórar fengu sendar húfur frá ÍSí í vikunni, merktar með merki ÍSí.

8. 75. Íþróttaping ÍSí 2021

Staðfest dagsetning 75. Íþróttapings ÍSí er 7.- og 8. maí 2021.

Undirbúningur fyrir þingið er hafinn. Fundarmenn beðnir um að huga að tillögugerð og lagabreytingum. Heiðursráð hefur þegar hafið undirbúning varðandi heiðranir.

9. Tölfræði úr starfsskýrslum 2020

Búið er að birta tölfræði úr starfsskýrslum vegna starfsársins 2019 á heimasíðunni og setja inn frétt sem dregur fram helstu breytingar á milli ára.

10. Íþróttamaður ársins 2020

Framkvæmdastjóri skýrði stöðu mála. Samtök íþróttafréttamanna mun tilkynna kjör sitt um Íþróttamann ársins í beinni útsendingu á RÚV 29. desember 2020. Ljóst er að ekki

verður hægt að halda verðlaunahátíð ÍSÍ um afhendingu viðurkenninga til íþróttamanna og íþróttakvenna sérsambanda og séríþróttagreina ÍSÍ með sama hætti og venjulega. Leitað verður leiða til að framkvæma afhendingu viðurkenninga með tilliti til sóttvarnaráðstafana.

11. Ósk um tilnefningu í starfshóp um þjóðarleikvang í frjálsíþróttum

Lagt fram erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem óskað er eftir tilnefningu fá ÍSÍ í starfshóp um þjóðarleikvang í frjálsíþróttum. Tilnefna þarf einn karl og eina konu.

Samþykkt samhljóða að tilnefna Þóreyju Eddu Elísdóttur og Þráinn Hafsteinsson.

12. Niðurstaða úr könnun um stuðning sveitarfélaga

Andri Stefánsson kynnti niðurstöður úr könnun sem gerð var í samvinnu við íþróttafélögin um stuðning sveitarfélaga á Covid-tímum. Niðurstöðurnar gefa góða yfirsýn yfir þau sveitarfélög sem bjóða upp á frístundastyrk og þau sveitarfélög sem hafa aukið stuðning við íþróttafélög á tímum Covid-19.

Forseti sagði það mikilvægt að búa yfir þessum upplýsingum þar sem þær sé ekki að finna annars staðar.

13. Verkefni yfirvalda til stuðnings börnum og ungmennum í skipulögðu íþróttastarfi

Framkvæmdastjóri skýrði áform yfirvalda um verkefni til stuðnings börnum og ungmennum í skipulögðu íþróttastarfi.

14. Heiðranir

Engar tilnefningar til heiðrana lágu fyrir fundinum.

15. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 296. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ
- 16. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Sameiginlegur fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Afrekssjóðs ÍSÍ frá 26. október 2020
- Fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ frá 2. nóvember
 - i. Fylgiskjal um Kvennahlaup ÍSÍ
 - ii. Fylgiskjal um stefnu og markmið ÍSÍ í almenningsíþróttum

16. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

17. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Samþykkt að næsti fundur framkvæmdastjórnar verði fimmtudaginn 10. desember nk.

18. Önnur mál

#verumhraust

Þórey Edda lýsti yfir ánægju sinni með herferðina #verumhraust og hvatti stjórnarmenn til að taka þátt í verkefninu með því að skrá hreyfingu sína á svæði stjórnar og starfsfólks á Strava.

Stafrænt kerfi

Rætt um mögulegar leiðir og lausnir varðandi nýtt kerfi. Mikilvægi þess að búa yfir upplýsingum um hreyfinguna, bæði varðandi samsetningu og rekstur, hefur sýnt sig á tímum Covid-19 veirunnar, ekki síst í tengslum við útreikninga vegna úthlutana á fjármunum frá ríkinu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.